

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
16.09.20	17:00	Teams	5
Fundarboðandi	Fundarritari	Dags. rituð	
Isabel Alejandra Diaz	Helga Lind Mar	16.09.20	
Fundaraðilar mættir			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
<i>Arnaldur Starri Stefánsson fyrir Röskvu</i>			
<i>Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Lenya Rún Taha Karim fyrir Vöku</i>			
<i>Vífill Harðarson fyrir Röskvu</i>			
<i>Hólmfríður M. Böðvarsd. Howard fyrir Vöku</i>			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u>			
<i>Brynhildur K Ásgeirsdóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Salóme Sirapat Friðriksdóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Ingi Pétursson fyrir Vöku</i>			
<u>Hugvísindasvið:</u>			
<i>Jórunn Rögnvaldsdóttir fyrir Röskvu fyrir Kötla Ársælsdóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Ingibjörg Iða Auðunardóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Erlingur Sigvaldason fyrir Röskvu</i>			
<u>Menntavísindasvið:</u>			
<i>Magdalena Katrín Sveindóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Gabríelu Sól Magnúsdóttur fyrir Röskvu</i>			
<i>Sóley Arna Friðriksdóttir fyrir Vöku</i>			
<u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u>			
<i>Mars M Proppé fyrir Röskvu fyrir Herdís Hanna Yngvadóttir fyrir Röskva</i>			
<i>Ástráður Stefánsson fyrir Röskvu</i>			
<i>Urður Einarsdóttir fyrir Röskvu</i>			
<u>Aðrir (án atkvæðisréttar):</u>			
<i>Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir, varaforseti SHÍ</i>			
<i>Isabel Alejandra Díaz, forseti SHÍ</i>			
<i>Helga Lind Mar framkvæmdastýra SHÍ</i>			
<i>Gunnðís Eva</i>			
<i>Sindri Snær A van Kasteren</i>			
<i>Bryndís Ólafsdóttir</i>			
<i>Erna Lea Bergsteinsdóttir</i>			

Lilja Hrönn Aðalsteinsdóttir
Urður Einarsdóttir
Gréta Dögg Þórisdóttir

Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:

Félagsvísindasvið:

Heilbrigðisvísindasvið:

Hugvísindasvið:

Menntavísindasvið:

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Fundardagskrá

Fundur Stúdentaráðs 16. september 2020 í L-101 kl. 17:00

Agenda Student Council Meeting on September 16th 2020 in L-101 at 17:00

1. [Fundur settur 17:00](#)
2. [Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar \(atkvæðagreiðsla\) 17:00-17:05](#)
[Vote/approval on minutes from last meeting](#)
3. [Tillaga um stuðning við stofnun á Sjúkrabjálfunardeild](#)
4. [Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:25](#)
[Announcements and issues ahead](#)
 - a. [World Class](#)
 - b. [Neyðarstjórn HÍ og hópur um stuðning og móttöku nýnema](#)
 - c. [Hrafnelssjóður](#)
 - d. [Atvinnuleysisbætur fyrir stúdenta](#)
 - e. [Aldarafmæli SHÍ](#)
 - f. [Menntasjóður námsmanna](#)

- g. [Háskólaráð](#)
- h. [Næstu Stúdentaráðsfundir](#)
- i. [Stjórn Stúdentaráðs](#)
5. [Kynning á Félagsstofnun stúdenta 17:25-18:25](#)
6. [Hlé 18:25-18:35](#)
7. [Tillaga um upptöku Stúdentaráðsfunda \(umræður og atkvæðagreiðsla\) 18:35-18:50](#)
8. [Niðurstöður stefnumótunarferðar: framkvæmdaáætlanir nefnda \(umræður og atkvæðagreiðsla\) 18:50-19:50](#)
 - a. [Fjölskyldunefnd](#)
 - b. [Félagslífs- og menningarnefnd](#)
 - c. [Umhverfis- og samgöngunefnd](#)
 - d. [Fjármála- og atvinnulífsnefnd](#)
 - e. [Lagabreytinganefnd](#)
 - f. [Önnur mál 19:50-20:00](#)
9. [Fundir slitið 20:00](#)

1. Fundur settur 17:00

Meeting begins

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

Vote/approval on minutes from last meeting

- a. Athugasemdir engar

- i. Kosning:

1. Einróma samþykkt

Isabel leggur fram breytingu á dagskránni. Þetta er tillaga sem er í fundargögnum undir önnur mál. Snýr að sjúkraþjálfunarnámsleiðinni. Verður þá það dagskrárliður 3 og allt hitt færast neðar.

a. Athugasemdir engar.

i. Kosning

1. Einróma samþykkt

3. Tillaga um stuðning við stofnun á Sjúkraþjálfunardeild



TILLAGA

16. september 2020

Lagt er til að Stúdentaráð Háskóla Íslands lýsi yfir stuðningi við stjórnendur námsbrautar í sjúkraþjálfunarfræði, varðandi ósk þeirra um að verða sjálfstæð deild innan Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands. Einnig er lagt til að óskað verði eftir því að fulltrúar nemenda innan Háskólaráðs Háskóla Íslands fylgi málinu eftir innan ráðsins.

Rökstuðningur

Námsbraut í sjúkraþjálfunarfræði heyrir undir Læknadeild, eina af sex deildum Heilbrigðisvísindasviðs (HVS). Í september 2019 óskaði stjórn námsbrautarinnar eftir því að verða sjálfstæð deild innan sviðsins, þar sem ljóst var að jafnræði milli greina innan deildarinnar var ábótavant og sýnileiki námsbrautarinnar skertur. Fyrirspurnin var studd af stjórn HVS, sem sendi erindi til Háskólaráðs varðandi þetta. Námsbraut í sjúkraþjálfun býr yfir öflugum rannsóknarstarfi, greinin er ört vaxandi og heldur uppi faglegri þjálfun sem er meðal þeirra bestu í Evrópu. Hljómgrunnur meðal nemenda er mikill, en nemendur hafa lýst því yfir að sýnileiki námsbrautarinnar sé lítill og að aðaláhersla Læknadeildar virðist ávallt vera á læknisfræði en ekki á minni námsbrautir innan deildarinnar.

Í maí 2020 hafnaði starfshópur Háskólaráðs fyrirspurninni, en höfnunin byggðist aðallega á þeirri hefð innan Háskólans um að aldrei séu fleiri en sex deildir á hverju sviði. Höfnunin virðist einungis byggð á þeirri gömlu hefð sem ekki hefur verið endurskoðuð síðan

fræðasviðin voru stofnuð innan Háskólans árið 2008. Þrátt fyrir greinargóða röksemdarfærslu stjórnar námsbrautar í sjúkraþjálfun og stjórnar HVS varðandi fjárhagslegt og faglegt sjálfstæði námsbrautarinnar auk samfélagslegra áhrifa hennar, var fyrirspurninni hafnað án almennilegra raka.

Undirrituð leggur því til að Stúdentaráð gagnrýni þessa ákvörðun Háskólaráðs og lýsi yfir stuðningi við stjórnendur námsbrautar í sjúkraþjálfun. Einnig er lagt til að fulltrúar nemenda í Háskólaráði nýti áhrifamátt sinn innan ráðsins og fylgi málinu eftir, til dæmis með því að benda á að nemendur taki heilshugar undir ósk stjórnenda námsbrautarinnar.

Brynhildur Kristín Ásgeirsdóttir, forseti sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs

Brynhildur fer yfir tillöguna.

a. Athugasemdir og mælendaskrá:

- Erlingur: Er einhver kostnaður sem fer í það að stofna nýja deild?
 - Brynhildur: Hún vitnaði ekki í gögn í rökstuðningi því þau eru trúnaðargögn. En kemur fram að það komi ekki til fyrirstöðu. Er stór deild og standa undir sér sjálf. Heldur líka að það komi aukið fjármagn inn í deildina ef eitthvað er.
- Lenya: Langar að byrja á því að segja að þetta sé flott tillaga. En er þetta krafa og stuðningsyfirlýsing í einu?
 - Brynhildur: Já vill meina að þetta sé tvíþætt tillaga. Fyrst að sýna stuðning en seinna að krefjast þess að okkar fulltrúar í háskólaráði tali fyrir þessu.
- Ástráður: Hann veit að tölvunarfræði og hugbúnaðarverkfræð vilja slíta sig frá. En það hefur einmitt ekki gerst útaf kostnaði. Er búið að tala við deildarforseta?
 - Brynhildur: Þetta hefur verið til umræðu ótrúlega lengi og segja öll að þetta sé löngu tímabært. Málið er líka að það sem háskólaráð hafi áhyggjur af því að það séu fleiri sem fylgi eftir.

Það þarf þá kannski bara að endurskoða hvort það þurfi að breyta skilyrðum.

i. Kosning:

1. Einróma samþykkt

4. Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:25

Announcements and issues ahead

a. World Class

i. Forseti SHÍ uppfærir um stöðu mála

Update on the negotiations with World Class

ii. *Isabel fer yfir málin. Ætluðu að vera á nýnemadögum en þar sem það datt niður. Viðræður komnar langt á leið. Látum ykkur vita hvað verður úr því.*

b. Neyðarstjórn HÍ og hópur um stuðning og móttöku nýnema

i. Neyðarstjórn hefur komið aftur saman en forseti SHÍ á sæti þar fyrir hönd stúdenta. Jafnframt var settur á laggirnar hóp til að halda utan um móttöku nýnema yfir allt árið.

The emergency board/management has come together again, where the president of SHÍ is the student representative. A group was also set up to The President of SHÍ is a member of the group that is meeting the week 17-21. of August after a long delay because of COVID.

ii. *Isabel búin að bera upp tillöguna hennar Lenyu varðandi staðið án einkunnar. Það er komið af stað en hún fylgir því eftir.*

iii. *Gott fyrir okkur að vita að sem stendur er ekki hægt að halda neina utanaðkomandi viðburði í húskynnum háskólans. . Hefur verið að biðla til nemendafélög að halda öllu skemmtanahaldi í lágmarki. Þetta er spurningum um að sýna varkárni og fara eftir sóttvarnarreglum til hins ítrasta.*

iv. *HÁMA er sóthreinsuð, aðeins starfsfólk farið í sóttkví sky leiðbeiningum rakningarteymis*

v. *5 eru staðfest smituð sem starfsmenn HÍ*

- *Ingibjörg: Með kennsluhætti og kennslumat. Það virðist vera ósamræmi milli áfanga. Er búin að vera fá botn í þetta mál hvort það megi taka staðpróf. Er búin að ræða þetta innan neyðarstjórnar?*

- *Isabel: Já höfum verið að fjalla um það en það er samtal sem er r í rauninni ekki búin. Verðum að biða lengur og sjá hvernig fikrast.*

- *Lenya: Var að pæla með skimanirnar sem er verið að bjóða uppá. Hún fekk það vibe að það væri mikilvægt að fara í test. Eigum við að hvetja fólk til að fara? Ættum við sem einstaklingar að setja eitthvað á instagramið okkar'*
 - *Isabel: Já góður punktur. Borðliggjandi að fara í skimun. Svo er annað, um leið og þú ferð í skimun þá áttu að vera einangrun þar til þú færð niðurstöður. Endilega spurjið samt. Kannski væri sniðugt að koma upp með eitthvað til að hvetja fólk að fara.*
 - *Lenya: Varðandi einangrunina. ÍE sagði nei.*
- *Ingibjörg: Hún fór líka í skimun og heyrði það að það ætti bara að taka 500 sýni núna. Verði slembiúrtak.*
- *Vífill: Hann var búinn að vinna mikið í þessu í sumar. Þau vilja ekki fá ógeðslega marga. Vilja bara fá þetta úrtak.*
- *Isabel ætlar þá að koma inná þetta á morgun á neyðarstjórnarfundi og kemst að því hvað það er sem ÍE vill og þá er hægt kannski að senda eitthvað frá okkur.*

c. Hrafnkelssjóður

i. Niðurstaða sjóðsstjórnar

Conclusion of the fund's board

ii. *Hittust í byrjun september þar sem átti að ganga frá sjóðnum.*

iii. *Hún sendi inn tillögu um að SHÍ fengi fjármagn sem ferri í afmælisþáttinn, Aðra tillögu um að SHÍ fengi fjármagn í Student Hardship fund. Engin þeirra tillaga var ofaná og MR fær þá listaverk.*

d. Atvinnuleysisbætur fyrir stúdenta

Unemployment benefits for students

i. Update á málinu í kjölfar þess að frumvarp félags- og barnamálaráðherra varð að lögum

Update on the matter following the bill of the Minister of Social Affairs and Children

1. Ásmundur Einar, félags- og barnamálaráðherra kynnti úrræðið *Nám er tækifæri* í [fjölmíðlum 18. ágúst](#), sem á að heimila atvinnulausum að fara í nám án þess að missa rétt sinn til atvinnuleysisbóta. Það er aðgerð sem gagnast einungis fólki sem er að koma af vinnumarkaði en ekki núverandi stúdentum (eins og frítækjumarkaði) og því ófullnægjandi.

2. Miðvikudaginn 26. ágúst var frumvarpið hans gert opinbert á Alþingisvefnum og fyrsta umræða hófst á föstudeginum 28. ágúst. Samdægurs óskaði velferðanefnd Alþingis eftir umsögn frá SHÍ og mælti forseti fyrir henni á fundi nefndarinnar á mánudeginum 31. ágúst.
- ii. *Isabel: Smá recap. Ásmundur félagsmálaráðherra kynnti úrræðið. Nám er tækifæri um miðjan ágúst sem á að heimila atvinnulausum að fara í nám án þess að réttur þeirra til atvinnuleysisbóta skerðist. Skýtur skökku við, stúdentar búnir að kalla eftir atvl. bótum og eru ekki einu sinni að fara fram á að geta verið í námi og bótum samtímis. Velferðanefnd Alþingis óskaði eftir umsögn SHÍ þegar frumvarpið fór fyrir alþingi, skrifuð í samræmi við áherslur okkar, og ég mælti svo fyrir henni á fundi nefndarinnar 31. ágúst. Eftir fundinn sendi ég inn viðbótargögn um atvinnutryggingagjaldið og þingskjöl frá 2010, þegar réttur stúdenta til bóta var afnuminn.*
1. *Frumvarpið varð að lögum föstudaginn 4. september, breytingartillögur 1. og 2. minnihluta, sem voru byggðar á m.a. okkar áherslum og kröfu, voru felldar af stjórnarliðum.*
 2. *Þriðjudaginn 1. september var fundur samhæfingarhópsins. Þar lögðu fulltrúar stúdenta fram bókun sem sagði aðallega ekkert raunverulegt samráð hafa átt sér stað.*
 3. *Á fundi velferðanefndar benti ég á Maskínu, að ráðuneytið væri ekki búið að birta gögnin, við bundin trúnaðarskyldu. Nefndin kannaðist ekki við gögnin heldur. Sendi frá mér grein seinni part vikunnar sem vísað var í í pontu þingsins og jafnframt var Maskína rædd. Ætlaði að biða og sjá hvort nefndin myndi óska eftir gögnunum eða birtingu þeirra en gerðist ekki, kærði þá til úrskurðanefndar upplýsingamála fimmtudaginn 3. september. Fékk símtal frá ráðuneytinu en enginn vilji til að ljúka málinu okkar á milli þannig að nú er það bara að biða eftir úrskurði nefndarinnar.*
 4. *Skýrt skal vera að okkur var meinað að tala um þessi gögn og vorum við látin biða eftir því að ráðuneytið birti þau. SHÍ fékk að sjá skýrslu og í símtalinu var sagt að við hefðum fengið að sjá draft að fréttatilkynningu en við fengum aldrei það draft þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir. Í símtalinu sem ég fékk komu fram margar rangfærslur en eitt þótti mér merkilegt, mér var sagt að þau hefðu löngu verið hætt við að birta tölurnar því þær gáfu ekki nógu góða mynd, en það kom*

aldrei fram í neinum samskiptum. Alltaf var okkur talið trú um að birting væri á döfnni og það sannast með tölvupóstsamskiptum en líka fundum sem við áttum á Teams td 9. júlí.

- 5. Það er rétt að um leið og gögn fara frá ráðuneytinu þá eru þau opinber og SHÍ hefði getað nýtt sér þau rök. Við hins vegar biðum og treystum á að þau vildi raunverulegt samstarf. Hver sá sem úrskurðurinn er þá munum við geta tekið af skarið og birta niðurstöðurnar án þess að það séu einhver viðurlög við því.*
- 6. SHÍ og LÍS eru að skoða leiðir til að fara af stað með könnun um stöðu stúdenta á vinnumarkaði sem skoða sumarið og haustið 2020.*

e. Aldarafmæli SHÍ

- i. Afmælishátíð og afmælisþáttur á RÚV
Birthday celebration and birthday series on RÚV*
- ii. Isabel og Helga Lind eiga fund með Skarphéðni á RÚV. Búið að senda út boðskort á afmælistóttökuna í hátíðarsalnum. Fyrstu holl eru aðalfulltrúar í stúdentaráði, skrifstofan, rektor og aðstoðarrektorar, ráðherrar, forseti Íslands og fyrrum forsetar SHÍ. Annað holl eru varafulltrúar í stúdentaráði, sviðsráðin og nefndarmeðlimir.*

f. Menntasjóður námsmanna

Student loan system

g. Háskólaráð

University Council

- i. Háskólaráð er tekið til starfa.*

h. Næstu Stúdentaráðsfundir

Next Student Council meetings

- i. Dagsetningar næstu funda
21. okt. 18. nóv. 16. desember.*

i. Stjórn Stúdentaráðs

Board of the Student Council

- i. Update frá síðasta fundi stjórnar / Update from the previous Student Council meeting*
- ii. Stúdentasjóður fullskipaður*
- iii. Stjórn fjallaði um tillöguna um upptöku stúdentaráðsfunda sem er lögð fram á þessu fundi*

- iv. *Fjallaði um þátttöku SHÍ í Fundi fólksins*
 - v. *Ætlaði að boða fund með fulltrúum nemendafélaga en það frestast vegna aðstæðna.*
5. Kynning á Félagstofnun stúdenta 17:25-18:25
Presentation from the Student Services
6. Hlé 18:25-18:35
Intermission.
7. Tillaga um upptöku Stúdentaráðsfunda (umræður og atkvæðagreiðsla) 18:35-18:50
Proposal on the recording of Student Council meetings
- a. *Helga Lind fer yfir málið.*
 - b. Umræða um að taka upp Stúdentaráðsfundi til að m.a. auka gagnsæi. Ætlunin er ekki að hætta að rita fundargerðir heldur að ítarlegri framvinda fundar sé til á upptöku, sem hægt er að leita til.
 - *Arnaldur: Koma með breytingatillögu. Var ekki viss um hvort þetta ætti að vera bara innanhús eða sent út.*
 - *Breytingatillaga: Upptökur þessar yrðu gerðar aðgengilegar samhliða fundargerðum.*
 - *Helga Lind: Sammála því, þá er þetta ekkert vafamál hvað er verið að samþykkja.*
 - *Isabel: Vorum við búin að fá frá UTT með mikrafóninn?*
 - *Guðný: Nei, þarf að fara í vettvangsferð til að finna.*
 - *Isabel: Á að taka gildi bara strax.*
 - c. *Kosningar:*
 - i. *Breytingatillaga Arnalds:*
 - 1. *Einróma samþykkt.*
 - ii. *Tillagan í heild sinni*
 - 1. *Einróma samþykkt.*
8. Niðurstöður stefnumótunarferðar: framkvæmdaáætlanir nefnda (umræður og atkvæðagreiðsla) 18:50-19:50
Results from the policymaking trip: committee action plans (discussions and voting)
- a. Fjölskyldunefnd
Family affairs committee
 - i. *Gunnús Eva Baldursdóttir, forseti nefndarinnar fer yfir málin.*
 - ii. *Stefnan hefur ekkert breyst stórkostlega*
 - *Finna hver staðan er á þessum kynlausu klósettum*
 - *Brynhildur: Varðandi stúdentakjallaraklósettin gott að taka bara allt af þeim.*

- b. Félagslífs- og menningarnefnd
Culture and Social Events committee
- i. *Erna Lea Bergsteinsdóttir forseti nefndarinnar fer yfir málin*

Hólmfríður yfirgefur fund án varamanns

- c. Umhverfis- og samgöngunefnd
Transportation and Environmental Affairs committee
- i. *Urður Einarsdóttir forseti nefndarinnar fer yfir málin.*
- *Arnaldur: Skilst að það sé stefnan núna á félagsvísindasviði að öll lokaverkefni verði rafræn skil til frambúðar.*

Salóme var að fara af fundi og Jökull S Gunnarsson Breiðfjörð tók við 19:02

- d. Fjármála- og atvinnulífsnefnd
Finance and Economic Affairs committee
- i. *Sindri Snær forseti nefndarinnar fer yfir málinn.*
- e. Lagabreytinganefnd
Law amendment committee
- i. *Lilja Hrönn Hrannarsdóttir forseti nefndarinnar fer yfir málin*
- *Jórunn: Var að pæla í sambandi við handbók hagsmuna stúdenta. Væri þetta á stað sem allir stúdentar hefði aðgang að?*
- f. *Kosning:*
- i. *Fjölskyldunefnd:*
1. *Samþykkt einróma*
- ii. *Félags- og menningarlífsnefnd*
1. *Samþykkt einróma*
- iii. *Umhverfis- og samgöngunefnd*
1. *Samþykkt einróma*
- iv. *Fjármála- og atvinnulífsnefnd*
1. *Samþykkt einróma*
- v. *Lagabreytinganefnd*
1. *Samþykkt einróma*

9. Önnur mál 19:50-20:00

Other issues

- a. *Ekkert annað mál.*

10. Fundi slitið 20:00

Meeting ends